

Nd.

**308. Frumvarp til laga**

[175. mál]

um heftingu sandfoks og græðslu lands.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Gísli Guðmundsson.

I. KAFLI

Um markmið og stjórn Sandgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að hindra eyðingu gróðurs og græða upp sanda, mela og aura til aukinna landsnytja í heimalöndum og afréttum, þar sem um er að ræða samfelld svæði, svo og að bæta vangróin beitolönd með þeim ræktunaraðgerðum, sem best reynast hverju sinni um framkvæmd og árangur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar sandgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, enda lýtur sandgræðslustjóri yfirstjórn hennar við hlið búnaðarmálastjóra, en landbúnaðarráðherra hefur á hendi æðstu stjórn þessara mála. Sandgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur sandgræðsluverði eftir þörfum að fengnum tillögum sandgræðslustjóra. Sandgræðsluverðir skulu auk búfræðimenntunar hafa aflað sér starfsæfingar við þau verklegu störf, sem Sandgræðsla Íslands hefur með höndum. Sandgræðslustjóra sé heimilt að ráða eftirlitsmenn með þeim sandgræðslugirðingum, sem honum og sandgræðsluvörðunum er örðugt að hafa eftirlit með.

3. gr.

Aðsetur Sandgræðslu Íslands skal vera Gunnarsholt á Rangárvöllum, sem jafnframt er bústaður sandgræðslustjóra.

4. gr.

Sandgræðslustjóri skal með aðstoð sandgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til sandgræðslu, svo og eftirlit með því landi í byggð, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt sandgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Telji hann hættu á, að land kunni að

fara í örtröð eða gróðri að hnigna til mikilla muna sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefndar.

5. gr.

Sandgræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði skv. launalögum, 1. gr., V. flokki, og sandgræðsluverðir skv. IX. flokki.

## II. KAFLI

### Um heftingu sandfoks og græðslu sanda.

6. gr.

Sandgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur sandgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að álitu sandgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að sandgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.
2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur á landi fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Við töku lands með eignarnámi eða á annan hátt skal ávallt leita samþykkis landbúnaðarráðuneytisins að fengnum rökstuddum tillögum sandgræðslustjóra og Búnaðarfélags Íslands. Einnig skal afhenda ráðuneytinu samrit af öllum öðrum samningum, sem sandgræðslan gerir um umráð lands til græðslu.

7. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að sandgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við sandgræðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir, mel, fræ, þökur og annað, er við þykir þurfa. Þó má ekki taka efni þannig, að landsþjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

8. gr.

Nú setur maður girðingu fast við sandgræðslugirðingu eða áfasta henni, og skulu þá hlið vera á henni eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að sandgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

9. gr.

Sandgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar, eða úr öðru efni, jafntryggar til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að öllum frágangi, að þær séu vel fjárheldar að dómi hlutaðeigandi héraðsráðunautar.

Verði eigi hjá því komizt að leggja sandgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, er til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll sandgræðslusvæði nema með leyfi sandgræðslustjóra og hlutaðeigandi sandgræðsluvarðar, og ef út af er brugðið, varðar það sektum. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi sandgræðsluverði aðvart um gallana.

10. gr.

Þegar land, sem Sandgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsum samkomulagi, er svo vel gróið að dómi sandgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi sandgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum þeirra jarða,

sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. tölulið 1, en setja skal sandgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Nú selur ríkissjóður land, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og skal þá eigandi jarðar þeirrar, er land hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. Noti einhver eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

#### 11. gr.

Nú á ríkið land það, sem tekið hefur verið til sandgræðslu, og getur Sandgræðsla Íslands þá afhent það ábúendum, ef landið hefur verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkvæmt lögum þessum.

#### 12. gr.

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði í landareign sinni, sem ekki hefur verið tekið til friðunar og græðslu samkv. 6. gr., og sendir hann þá Sandgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlega skýrslu um aðstæður allar. Skýrslan sé staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Lætur þá sandgræðslustjóri athuga landið og gerir tillögur um framkvæmd verksins, kostnaðaráætlun og annað, sem að því lýtur. Tekur hann síðan ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að  $\frac{3}{4}$  greiddur úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{4}$  af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna.

#### 13. gr.

Falli niður greiðsla á gjaldi því, er landeiganda ber að greiða samkv. 12. gr., getur ráðherra látið taka foksvæðið eignarnámi samkv. 6. gr. ásamt eignarhluta landeiganda í þegar gerðum umbótum.

#### 14. gr.

Nú byrjar uppblástur að nýju, eftir að landeigandi hefur aftur fengið svæðið til umráða og afnota samkv. 10. eða 11. gr., og er honum þá skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki hann nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur sandgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

#### 15. gr.

Nú kemst búpeningur inn á sandgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, og er þá hlutaðeigandi sandgræðsluverði eða umsjónarmanni heimilt að reka peninginn í nærliggjandi land, enda sé um ógirtan bithaga að ræða. Hið sama gildir um óskipta bithaga, sem að sandgræðslusvæði liggja, þótt girtir séu, enda séu líkur til, að peningurinn sé þaðan kominn. Verði því eigi við komið að hreinsa sandgræðsluland af ágangspeningi á þennan hátt, skal kyrrsetja fénaðinn og tilkynna það eigendum.

Komist sömu skepnur þrásinnis inn á sandgræðslusvæði og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum á kostnað eiganda.

### III. KAFLI

#### Um sandgræðslu á vegum hreppa og félaga.

#### 16. gr.

Hreppsfélög og félög einstakra bænda geta efnt til sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands. Skal þá sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður

stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og forsjá sandgræðslunnar eins lengi og sandgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

17. gr.

Girðingar um land, sem tekið er til græðslu samkvæmt 16. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar, sbr. 8. og 9. gr., og að öðru leyti gilda um slíka græðslu, eftir því sem við á, ákvæði í II. kafla þessara laga.

18. gr.

Um kostnað við sandgræðslu og um afhendingu lands að lokinni græðslu, sem framkvæmd er samkvæmt 16. og 17. gr., gildir hið sama og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. II. kafla laga þessara, 12. og 13. gr.

#### IV. KAFLI

##### Um eflingu gróðurs í afréttum og úthögum.

19. gr.

Auk venjulegrar sandgræðslu, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla laga þessara, skal Sandgræðsla Íslands á komandi árum vinna að því að efla gróður á samfelldum svæðum, í afréttum og úthögum. Skal það fyrst og fremst gert í samvinnu við þá aðila, sýslufélög, hreppsfélög, fjallskilafélög og félög einstakra bænda, er hafa sameiginlegra hagnuna að gæta um hagbeit og fénaðarferð, enda leggi slíkir aðilar fram eigi minna en  $\frac{1}{4}$  kostnaðar við framkvæmdirnar.

Einnig skal sandgræðslan taka til friðunar og ræktunar samfelld stór sandsvæði og auðnir, þótt eigi sé um fokhættu að ræða, sem eru þannig í sveit sett, að ræktun þeirra getur orðið til varanlegra hagsbóta í framtíðinni.

20. gr.

Sandgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og jarðvegsrannsóknardeild búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1961 tíu ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt 19. gr. Skulu í áætlun þessari valin og tilgreind þau svæði, sem nauðsynlegast telst að taka til bættrar græðslu og mestar líkur eru fyrir að skili góðum árangri.

Sandgræðslustjóri ákveður, hvaða svæði skuli tekin til græðslu árlega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og eftir því, sem framlög fást frá þeim aðilum, er í hlut eiga og slíkra framkvæmda vilja njóta.

21. gr.

Fjár til framkvæmda samkvæmt 19. og 20. gr. skal aflað samkvæmt því, sem greint er í VIII. kafla þessara laga. Kostnað við slíkar hagabætur má eigi greiða af fé því, sem veitt er til sandgræðslu á fjárlögum ár hvert, til framkvæmda samkvæmt II. og III. kafla laganna.

#### V. KAFLI

##### Um athugun og eftirlit á afréttum.

22. gr.

Sandgræðslustjóri, hlutaðeigandi sandgræðsluvörður og héraðsráðunautur skulu fylgjast sem best með notkun afrétta í héraði hverju um land allt, með það fyrir augum sérstaklega, að hverju fer um gróður og beitarpól landsins.

Héraðsráðunautum í búfjárrækt er skylt að fylgjast með fjölda þess búfjár, sem í afréttum gengur, svo og vænleika þess og afurðum.

23. gr.

Ef eftirlit það, sem um getur í 22. gr., leiðir í ljós, að ofsett er á afréttarland, svo að hætta sé á gróðurfursspillingu eða uppblæstri sökum ofbeitar, skulu þessir

aðilar tilkynna það skjállega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og rökstyðja álit sitt og tillögur til úrbóta.

24. gr.

Nú gerir sandgræðslustjóri kröfu um ítölu, og fer þá um það samkvæmt ákvæðum laga um ítölu.

25. gr.

Nú hafa verið sett ákvæði um ítölu búfjár samkvæmt kröfu sandgræðslustjóra, og skal hann þá ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra hafa eftirlit með, að ákvæðunum sé framfylgt, svo að til úrbóta verði.

## VI. KAFLI

### Um spjöll á gróðri og fokhættu.

26. gr.

Þegar mælt er fyrir og gerðar áætlanir um mannvirki, svo sem vegi, brýr, stíflugarða, hafnir og fyrirhleðslur, skal ávallt hafa hugfast að haga framkvæmdum þannig, að sem minnst sé spillt gróðri og losað um svörð, svo að valdið geti uppblæstri og grefti vatns.

27. gr.

Verði eigi komizt hjá jarðraski, sem ætla má að geti valdið frekari spjöllum af vindi og vatni, ef eigi er að gert, skal hafa samráð við sandgræðsluna um aðgerðir til að afstýra slíkum spjöllum, þegar að loknu verki, með því að græða sár jarðar á þann hátt, er sandgræðslustjóri eða hlutaðeigandi sandgræðsluvörður telur hyggilegt. Kostnaður við slíka græðslu telst með kostnaði við mannvirkjagerð þá, sem um er að ræða.

28. gr.

Nú hefur verið vanrækt að gera að jarðraski, sem orðið hefur við gerð mannvirkja, svo að veldur uppblæstri eða hætta af foki er fyrirsjáanleg, og skal þá sandgræðslustjóri fyrirskipa þær aðgerðir um græðslu, sem hann telur nauðsynlegar, en fáist ekki aðgert, skal hann láta girða og græða svo sem með þarf á kostnað þess aðila, er valdur var að jarðspjöllunum. Gilda um gerð girðinga og athafnir vegna slíkrar græðslu sömu ákvæði og um venjulegar sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæði, sbr. 7.—9. gr. laga þessara.

## VII. KAFLI

### Um tilraunastarfsemi og rannsóknir.

29. gr.

Rannsóknir og tilraunastarf í þágu Sandgræðslu Íslands heyrir undir tilraunaráð jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Sandgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

30. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu sandgræðslu til þess að afla hagnýtrar fræðslu á því sviði skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta, eftir því sem tilraunaráð ákveður.

## VIII. KAFLI

### Um öflun fjár til sandgræðslu.

31. gr.

Fé það, er innheimt er í ríkissjóð sem tollgjöld af innfluttum fódurvörum, skal renna óskert til Sandgræðslu Íslands.

32. gr.

Á allar vínvörur til drykkjar, sem seldar eru um hendur Áfengisverzlunar ríkisins, skal leggja gjald, er nemi 5 krónum á lítra af áfengi, í því formi, sem það er selt og afgreitt frá verzluninni. Gjaldið innheimtist með verði vínsins án kostnaðar fyrir Sandgræðslu Íslands, og stendur Áfengisverzlun ríkisins sandgræðslunni skil á gjaldinu ársfjórðungslega.

33. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt ákvæðum 31. og 32. gr. laga þessara, skal fyrst og fremst varið til græðslu og gróðurbóta samkvæmt IV. kafla laganna, þeirra sem fé er lagt til frá hlutaðeigandi aðilum, sbr. 19. gr., svo og til ræktunar á samfelldum sandsvæðum, sbr. sömu gr. Skulu þau svæði ganga fyrir, þar sem landþrengst er til beitara og búskapar, brjóti það eigi í bága við skipulagðar framkvæmdir sandgræðslunnar.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 500—10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sandgræðslu eða einstök atriði hennar samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

### Greinargerð.

Flm. þessa frv. fluttu á síðasta Alþingi frv. til laga um heftingu sandfoks og græðslu lands, en það varð þá ekki útrætt. Það frv. var í meginatriðum samhljóða samnefndu frv., sem samið var af sandgræðslunefnd þeirri, er skipuð var árið 1957 af þáv. landbúnaðarráðherra, Hermanni Jónassyni. Í sandgræðslunefndinni voru Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. (formaður), Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Arnór Sigurjónsson fulltrúi, Páll Sveinsson sandgræðslustjóri og Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi. Flutti Steingrímur Steinþórsson frv. á Alþingi 1958—59.

Frv. var á síðasta þingi vísað til landbúnaðarnefndar neðri deildar. En eftir að það kom fram, ákvað landbúnaðarráðherra að kveðja sandgræðslunefndina til funda á ný til að endurskoða málið. Af þessum ástæðum mun landbúnaðarnefnd ekki hafa talið rétt að taka frv. til meðferðar að svo stöddu. Sandgræðslunefndin lauk endurskoðuninni í febrúarmánuði 1960 og afgreiddi til landbúnaðarráðuneytisins breytingar, sem hún hafði þá gert á frv. sínu, ásamt greinargerð. Ríkisstjórnin hefur þó ekki enn lagt málið fyrir Alþingi. Flm. hafa því ákveðið að flytja það eins og sandgræðslunefndin gekk frá því fyrir ári. Er nú m. a. lagt til, að aflað verði fjár til sandgræðslu með aukaálagningu á áfengi, og enn fremur, að ríkissjóður láti af hendi tolltekjur sínar af innfluttum fóðurvörum. Mun sandgræðslunefndin hafa talið, að á þennan hátt væri hægt að bæta úr fjárförfinni, svo að viðunandi væri, og líklegt, að um þessa fjáröflunarleið gæti orðið samkomulag.

Á undanförnum áratugum hefur mjög mikið verið að því unnið og með góðum árangri að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs af völdum sandfoks. Innan sand-

græðslugirðinganna, sem nú eru 50—60 talsins hér og þar á landinu, er nú nokkuð yfir 1000 ferkm af landi, sem grætt hefur verið upp eða tekið til græðslu smám saman. Er eyðingin þar með stöðvuð á hverjum stað og gróðurlendið tekið að stækka á ný. Þessu starfi þarf að halda áfram, og má ekkert lát verða á. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að sandgræðslustarfsemin færist í aukana og lagt verði inn á nýjar brautir, að skipulega verði að því unnið og til þess varið fjármunum, svo að um muni, að efla og auka gróður í úthögum og á afréttum. Tækni sú, sem nú er komin til sögunnar, gefur góðar vonir um árangur á þessu sviði. Nokkur reynsla er þegar fengin.

Til stuðnings þessu merka máli skal að öðru leyti látið nægja að vísa til greinargerðar sandgræðslunefndarinnar á fylgiskjali I svo og til rits þess, sem gefið var út á vegum sandgræðslunefndar árið 1958.

### Fylgiskjal I.

#### Greinargerð sandgræðslunefndar 5. febr. 1960.

Með bréfi, dagsettu 24. júlí 1957, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, 5 manna nefnd til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga möguleika á að auka þá starfsemi.

Í nefndina voru skipaðir:

Björn Kristjánsson fyrrv. kaupfélagsstjóri, formaður,

Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri,

Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi,

Arnór Sigurjónsson fulltrúi,

Páll Sveinsson sandgræðslustjóri.

Nefndin hélt fyrsta fund sinn 16. ágúst. Þá var kosinn ritari nefndarinnar, Arnór Sigurjónsson. Einnig var þá ákveðið að skoða sem flest uppblásturssvæði landsins og þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið til að stöðva landspjöllin og græða foksvæðin að nýju.

Fyrsta ferðin í þessu skyni var farin 16. ágúst um Rangársanda. Önnur ferðin var farin um Norðurland 21.—24. ágúst og skoðuð sandgræðslusvæðin í Kelduhverfi, á Hólssandi, Hólsfjöllum, Austurfjöllum, Hólasandi, Sellöndum í Mývatnssveit, brunasvæði á Hvammsheiði, Þingeyra- og Sigríðarstaðasandar í Húnaþingi. Þriðja ferðin var farin í Biskupstungur og skoðuð uppblásturssvæði á Haukadalsheiði. Fjórtða ferðin var farin 16.—17. september um Holt og Landsveit og þaðan Fjallabaksleið í Vestur-Skaftafellssýslu og skoðuð sandsvæðin og sandgræðslusvæðin þar og á heimleið sandgræðslusvæðin undir Eyjafjöllum.

Á ferðum þessum gat víða að líta kolsvarta sanda, þar sem áður voru fegurstu gróðurlendur. Annars staðar hafði sandgræðslunni tekizt að stöðva uppblásturinn algerlega og hjálpa náttúrunni til að klæða stór örfoka sandsvæði þroskamiklum nytjagróðri.

Víða vofir yfir mikil eyðingarhætta af völdum uppblástursins, og verður því að heyja stöðugt varnarstrið gegn þeim voða. Sem betur fer, er nú fengin örugg víska fyrir því, að hægt er að stöðva eyðinguna, ef ekki skortir fé og árvekni. Með friðun, sáningu og áburði er hægt að snúa vörn í sókn og breyta örfoka landi í vel gróið nytjaland. Margir fróðir menn telja nú þegar ofsetin afréttarlönd sumra héraða og megi að minnsta kosti ekki að ósekju fjölga þar sauðfé, frá því sem nú er. Þetta er m. a. álit J. B. Campells, sem fenginn var til þess árið 1954 og 1956 að athuga beitarþol haga okkar. Þar sem svo er ástatt, verða bændur að skilja það, að vaxandi nýrækt og töðufengur má ekki leiða til fjölgunar sauðfjárins, nema sumarhagar séu jafnframt auknir.

Á fundi nefndarinnar 14. okt. 1957 kom til umræðu, að á því ári voru liðin 50 ár, síðan sett var fyrsta löggjöfin um sandgræðslu á vegum ríkisins, og að viðeigandi væri, að þessa merka afmælis væri minnzt með útgáfu minningarrits, þar sem

skráð væri saga sandgræðslustarfsins. Á fundi 6. nóv. samþykkti nefndin að hafa forgöngu um útgáfu rits þessa, enda hafði þá fengizt loforð landbúnaðarráðuneytisins, Búnaðarfélags Íslands og sandgræðslustjóra um að kosta útgáfuna. Samið var við Arnór Sigurjónsson að hafa á hendi ritstjórn rits þessa og haga því þannig, að það gæti verið eins konar greinargerð með frumvarpi nefndarinnar til nýrra sandgræðslulaga. Riti þessu hefur verið útbýtt til allra alþingismanna. Varðandi sandgræðslustarfseminna hér á landi undanfarna hálfu öld og þau verkefni, sem fram undan eru, skal sérstaklega bent á greinar þær í ritinu, sem hér á eftir verða nefndar:

Gunnlaugur Kristmundsson: Upphaf skipulagsbundinnar sandgræðslu, bls. 187.

Runólfur Sveinsson og J. B. Campell: Athugun á uppblæstri og högum, bls. 250.

Páll Sveinsson: Sandgræðslumálin á líðandi stund, bls. 291, og Sandgræðslu-svæði girt og tekin til græðslu, bls. 312.

Arnór Sigurjónsson: Það sem koma verður, bls. 325.

Björn Pálsson, flugmaður: Flugvélin og sandgræðslan, bls. 340.

Lög um sandgræðslu frá 1895 til 1957, bls. 344.

Eins og fyrir nefndina var lagt, endurskoðaði hún gildandi lög um sandgræðslu og athugaði úrkosti til þess að auka sandgræðslustarfseminna. Í lok febrúarmánaðar 1958 afhenti hún landbúnaðarráðherra frumvarp til nýrra sandgræðslulaga með rækilegri greinargerð, og fylgdi afmælisrit Sandgræðslunnar frumvarpinu. Landbúnaðarráðherra lagði frumvarpið fyrir búnaðarþing, sem mælti með meginatriðum þess og sendi það síðan aftur til landbúnaðarráðuneytisins með nokkrum breytingartillögum, sem það hafði gert.

Þegar það dróst, að landbúnaðarráðherra legði frumvarpið fyrir Alþingi, tók einn nefndarmanna, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, þá 1. þm. Skagfirðinga, það til flutnings á Alþingi 1958—1959 (78. löggjafarþingi), óbreytt frá því, er það kom upphaflega frá nefndinni (102. mál, þskj. 239). Auk stuttrar greinargerðar frá flutningsmanni fylgdu frumvarpinu 4 fylgiskjöl:

1. Greinargerð millipinganevndarinnar með frumvarpinu.
2. Greinargerð og tillögur búnaðarþings um frumvarpið.
3. Skýrsla um sandgræðslugirðingarnar.
4. Skýrsla um sandgræðslusvæði girt og tekin til græðslu.

Vísast hér til þingskjals 239 frá Alþingi 1958—59 um fylgiskjöl þessi. Tvö fylgiskjölín, hið 3. og 4., er einnig að finna í afmælisriti sandgræðslunnar.

Frumvarpið var sent landbúnaðarnefnd neðri deildar til athugunar. Landbúnaðarnefnd hafnaði tillögum sandgræðslunefndar um aukið starf Sandgræðslu Íslands og samdi nýtt frumvarp, þar sem aðeins voru gerðar smávægilegar breytingar á gildandi lögum um sandgræðsluna. Þetta frumvarp landbúnaðarnefndar var þó ekki lagt fram til þess að fá afgreiðslu á þinginu, að því er nefndin sjálf segir, heldur til þess að eyða málinu á yfirstandandi þingi og til undirbúnings því, að „nýtt þing, sem kosið verður á næsta hausti, geti valið um, hvort frumvarpið (þ. e. frv. sandgræðslunefndar og landbúnaðarnefndar) það vill fremur lögfesta.“

Á því þingi, sem nú starfar, tóku þeir Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurlandskjördæmis eystra, og Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Suðurlandskjördæmis, frumvarp sandgræðslunefndar enn til flutnings (þskj. 49) með þeirri breytingu einni, er máli skiptir, að þeir felldu niður 29. gr. frv., „sem nú má heita úrelt vegna nýlegrar lagasetningar á öðru sviði“, svo að upp séu tekin orð flutningsmannanna um þessa breytingartillögu þeirra. Frumvarpi þessu fylgja hin sömu fylgiskjöl og Steingrímur Steinþórsson lagði fram með frumvarpi því, er hann flutti á 78. löggjafarþingi.

Þegar hér var komið sögu endurvakti núverandi landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, með bréfi, dags. 1. des. 1959, sandgræðslunefndina frá 1957—58 og fól henni að athuga þær breytingartillögur, er fram höfðu komið á frumvarpi hennar, og semja síðan til flutnings á Alþingi nýtt frumvarp til sandgræðslulaga.

Frumvarp það, er hér fylgir, er árangur af þessu nýja starfi nefndarinnar. Nefndin hefur gert nokkrar breytingar á hinu fyrra frumvarpi sínu, ýmist vegna



Þess andófs, sem sum atriði þess hafa mætt, eða vegna nýjunga, er rétt þótti að taka mark á. Gerð er grein fyrir breytingum þessum, þar sem einstakar greinar frv. eru skýrðar hér á eftir. Þó þykir rétt að gera nú þegar grein fyrir þremur mikilvægustu breytingunum:

### 1. Aukin verkefni.

Í fyrra frumvarpi nefndarinnar var eigi gert ráð fyrir annarri aukningu verkefna sandgræðslunnar en þeirri, að tekin yrðu eftirleiðis stór sandsvæði til græðslu. Af miklu er að taka og verkefni nær óþrjótandi, sandar og melar auðveldir til græðslu samtals um 3800 km<sup>2</sup> og aðrar auðnir lægri en 400 m yfir sjávarmál samtals um 3600 km<sup>2</sup> (samkvæmt mælingum, er nefndin lét gera á herforingjaráðskortunum). Þetta er landnám, er eykur gróðurlendi landsins um nærri þriðjung frá því, er nú er (en það er samkv. þeim mælingum og áætlunum, sem á því hafa verið gerðar, 17000—20000 km<sup>2</sup>). Hér er reyndar fyrst og fremst um það að ræða að bæta fyrir þau landsspjöll, er orðið hafa á liðnum öldum, því að mjög mikill hluti þessa lands hefur áður verið gróðurlendi, og er raunar skylda þjóðarinnar að taka þetta verkefni upp þegar í stað, er hún hefur kunnáttu til þess.

En í þessu nýja frumvarpi er jafnframt gert ráð fyrir að auka gróður á landssvæðum með gisnum og lélegum gróðri með dreifingu áburðar. Hér er um að ræða land með moldarjarðvegi, en þó svo lítið gróið, að það er lítilsvert sem hagi, ýmist vegna þess, að mosi hefur kæft annan gróður að mestu eða jarðvegurinn er frjóefnasnaður. Nú er þegar fengin reynsla fyrir því, og er sú reynsla þó ný, að þetta land getur klæðzt gagnsömum hagagróðri þegar á fyrsta sumri, sem það fær aðeins lítinn áburðarskammt, og að sauðfénaður beinlínis raðar sér á þann haga, sem þannig er græddur. Er með þessu nýja frumvarpi til þess ætlað af sandgræðslunni, að hún haldi áfram tilraunum með þetta, enda leggi þá bændurnir fram fé á móti, þar sem það kemur þeim til nota þegar í stað.

Hins vegar ber þess að gæta, að þetta nýja verkefni verði ekki til þess, að horfið verði frá að hefta sandfok og græða sanda og aðrar auðnir í stórum stíl.

### 2. Spjöll af völdum mannvirkja.

Á síðustu árum hafa vegir nær einvörðungu verið lagðir með jarðýtum, og einnig hafa jarðýtur verið notaðar í vaxandi mæli við önnur mannvirki. Hefur af þessu leitt mikið jarðrask og stundum umfram nauðsyn, og hefur lítt verið um hirt. Það kemur með hverju ári skýrar í ljós, að af slíku jarðraski hefur víða stafað mikil hætta um varanleg jarðspjöll, og hefur meir og meir verið til sandgræðslunnar leitað ýmist til að sporna við þeirri hættu eða bæta úr, þar sem fok hefur hafizt. Um þetta efni hafa engin lagaákvæði verið til þessa dags, og verður ekki komizt hjá slíku lengur.

### 3. Fjáröflun til sandgræðslunnar.

Í frumvarpi nefndarinnar 1958 var gert ráð fyrir fjáröflun til aukinnar starfsemi sandgræðslunnar með fernu móti:

1. 3 millj. kr. framlagi í 10 ár úr ríkissjóði,
2. 10 kr. gjaldi árlega af hverjum nautgrip og hverju hrossi og 1 kr. gjaldi af hverri kind,
3. 1½% gjaldi af öllum tóbaksvörum og
4. 16% yfirfærslugjaldi af innfluttu fóðri.

Beint framlag úr ríkissjóði er fellt niður vegna þess, að ný fjáröflunartillaga um gjald af áfengi gefur sandgræðslunni um 3 millj. kr. meiri tekjur en tillaga, sem niður hefur verið felld, um gjald af tóbaksvörum. Einnig er nú í frv. nefndarinnar gert ráð fyrir, að ríkissjóður láti af hendi við sandgræðsluna tekjustofn, er ríkissjóður nú hefur, en hafði eigi 1958, þ. e. tolltekjur af innfluttu fóðri, en þær tolltekjur námu á síðastliðinu ári um tveimur millj. króna.

Gjaldið af búpeningi hugsaði nefndin sér eigi aðeins sem fjárhagslegt framlag til sandgræðslunnar, heldur einnig sem siðferðilegan stuðning bændastéttarinnar við sandgræðslumálin, framlag hennar af ljúfu geði veitt og af skilningi á því, að hér væri um mikilvægt hlutverk að ræða fyrir þjóðina, þar sem bændastéttin í heild vildi ganga í fararbroddi. En þessi tillaga nefndarinnar fékk ekki hljómgrunn á búnaðarþingi, heldur lagði búnaðarþing einróma til, að gjaldið yrði ekki á lagt. Núverandi landbúnaðarráðherra hefur einnig tjáð nefndinni, að hann væri þessari fjáröflun mótfallinn. Nefndin treystir sér því ekki til þess að halda þessari tillögu sinni til streitu í upphaflegu formi, en bendir hins vegar á, að þetta geti verið eðlilegur tekjustofn fyrir sýslur, fjallskilafélög eða önnur félög, er leggja vilja fé fram á móti sandgræðslunni til græðslu lands samkvæmt 19. gr.

Það er tillaga núverandi landbúnaðarráðherra til nefndarinnar að taka heldur gjald af áfengi en af tóbaki til sandgræðslunnar. Þótti honum sem seilzt væri inn á svið skógræktarinnar með fjáröflun með fyrri tillögum nefndarinnar með gjaldi af tóbaksvörum. Fyrir nefndinni vakti fyrst og fremst það að benda á tekjustofni til fjáröflunar vegna nauðsynlegra og þjóðnýtra framkvæmda, og sá hún raunar ekkert athugasvert við það, að skógræktin og sandgræðslan deildu þar hlut að jöfnu. Þó telur hún að framkomnu sjónarmiði landbúnaðarráðherra sjálfsagt að virða það í þeirri öruggu von, að það tryggi framgang frumvarpsins og eflingu sandgræðslunnar.

Tillaga nefndarinnar 1958 um 16% yfirfærslugjald af innfluttu fódri kom fram á þeim tíma, er innflutt fódur var að öllu undanþegið tollum og yfirfærslugjaldi, en á aðrar vörur flestar lagt 16% yfirfærslugjald. Leit nefndin svo á, að slík undanþága raskaði eðlilegu og heilbrigðu verðhlutfalli erlendrar og innlendrar fódurvöru og leiddi um of til framleiðslu landbúnaðarafurða á aðkeyptu fódri í stað þess að byggja framleiðsluna á innlendri fóduröflun. Tillaga nefndarinnar var því sú að leggja að visu sama yfirfærslugjald á erlenda fódurvöru og á meginþorra annarrar innfluttrar vöru, en láta landbúnaðarframleiðsluna þó njóta yfirfærslugjaldsins og þá á þann hátt, er hagkvæmast yrði þjóðarheildinni, er til lengdar léti. Skömmu eftir að tillaga nefndarinnar kom fram, var undanþága erlendrar fódurvöru á tollum og yfirfærslugjaldi felld úr gildi og yfirfærslugjaldið hækkað í 55%, tolltekjurnar teknar í ríkissjóð og yfirfærslugjaldið í útflutningssjóð. Nú eru horfur á, að yfirfærslugjöld á allar innfluttar vörur til útflutningssjóðs verði niður felld. Þá leggur nefndin til, að innflutt fódurvara sé að visu tolluð á sama hátt og aðrar sambærilegar innfluttar vörur (þ. e. vörur til innlendrar framleiðslu), en að landbúnaðarframleiðslan fái að njóta tollteknanna af innflutningi fódurvaranna á þann hátt, sem þjóðarheildinni er hagkvæmast, er til lengdar lætur. Lítur nefndin hiklaust svo á, að slíkt verði, ef þeim er varið til aukinnar græðslu landsins.

Að öðru leyti visar nefndin til athugasemda þeirra, er hér fara á eftir um einstakar greinar frumvarpsins.

### *Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um I. kafla.

##### Um 1. gr.

Nýmæli í þessari grein eru þau, að gert er ráð fyrir að græða upp sanda, mela og aura í heimahögum og afréttum og efla gróður á vangrónu landi í þeim tilgangi að auka beitiland búfjárins, sem nú er í örri fjölgun, og um leið að létta á því haglendi, sem fyrir er, sbr. III. og IV. kafla frumvarpsins.

##### Um 2. gr.

Í fyrstu og allt til ársins 1914 var sandgræðslan tengd skógræktinni, en það samband þótti ekki gefast vel, og var því sandgræðslan með lögum nr. 20 2. nóv. 1914 falin Búnaðarfélagi Íslands. Með endurskoðun laganna 1941 er ákveðið, að

landbúnaðarráðherra skipi sérstakan sandgræðslustjóra, en forstjórn sandgræðslumálanna er áfram falin Búnaðarfélagi Íslands. Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir mjög auknu starfssviði sandgræðslunnar, svo að segja má, að vettvangur hennar nái yfir verulegan hluta af afréttar- og heimabeitilöndum landsmanna. Með ákvæðum laganna gripur sandgræðslan svo mjög inn á afkomumöguleika landbúnaðarins, að nú er enn brýnni þörf en áður á, að sandgræðslan ekki einungis njóti stuðnings og samstarfs Búnaðarfélags Íslands, heldur hafi það og ihlutun um yfirstjórn þessara mála.

Því aðeins er hægt að búast við fyllsta árangri, að sem flest þau öfl, sem vinna að uppbyggingu landbúnaðarins, séu samhæfð í fullkomnu samstarfi að framgangi þessara mála, ella mætti gera ráð fyrir, að undir ýmsum kringumstæðum gætu orðið árekstrar um framkvæmdir. Ekki þykir ástæða til að ákveða með lögum fjölda sandgræðsluvarða, heldur verði tala þeirra að miðast við þörfina á hverjum tíma.

Eigi hefur orðið fullt samkomulag í nefndinni um 2. gr. frumvarpsins, og hið sama gildir að sjálfsögðu um það, sem hér er sagt um greinina, sbr. undirskriftir og fyrirvara.

#### Um 3. gr.

Með sameinuðu átaki Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra og Gunnlaugs Kristmundssonar sandgræðslustjóra var byggð reist í Gunnarsholti, og hafði sandgræðslustjóri þar aðsetur fyrir sumarstarfsemi sína.

Eftirmenn hans í starfi hafa haft þar fast aðsetur, og þykir því rétt að ákveða nú, að lögheimili sandgræðslunnar sé Gunnarsholt.

#### Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 5. gr.

Rétt þykir, að sandgræðslustjóri búi við sömu laun eins og skógræktarstjóri, búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri.

Gert er ráð fyrir, að skipaðir verði sandgræðsluverðir með meiri þekkingu og verkunnáttu en verið hefur, og þykir ekki líklegt, að slíkir menn verði fánlegir fyrir lægri laun en svarar til IX. fl. launalaga.

#### Um II. kafla.

Í 6.—15. gr. eru svo litlar breytingar frá gildandi lögum, að ekki þykir mikil ástæða til að geta nema fárra sérstaklega.

Þó má geta þess, að enn meiri áherzla er lögð á, að sandgræðslan geti afhent þau landssvæði, sem hafa verið að fullu uppgrædd, sbr. 10. og 11. gr.

Í þessu sambandi gildir einu, hvort landið hefur upphaflega verið í ábúð einstakra bænda eða sveitarfélaga.

Ef landið er eign ríkisins, skal það afhent ábúendum þeirra jarða, sem það hefur áður tilheyrt, svo og notendum landsins í kaupúnum og þorpum, enda er, sbr. 11. gr., sveitarfélögum gert skylt að taka við þeim landssvæðum, ef sandgræðslustjóri æskir þess. Þegar lönd eru afhent, er ekki ætlað til, að sá, er við tekur, greiði græðslu þeirra eða girðingar, þótt slíkt væri réttmætt. Aðalatriðið er, að girðingum og öðrum mannvirkjum sé haldið við, svo að uppblástur endurtaki sig ekki.

#### Um III. kafla.

Með kafla þessum er gert ráð fyrir, að hreppsfélög og félög einstakra bænda geti hafizt handa um sandgræðslu í samráði við Sandgræðslu Íslands án þess að afsala sér landi í hendur stofnunarinnar, enda hlíti slíkir aðilar forsjá sandgræðslunnar í öllu, er varðar græðsluna. Gildir hið sama um sandgræðslu, sem stofnað er til samkvæmt þessum kafla laganna, eins og um sandgræðslu á löndum í einkaeign, sbr. 12. og 13. gr.

#### Um IV. kafla.

Með þessum kafla er sandgræðslunni falið nýtt og stórmerkilegt verkefni, enda er endurskoðun laganna sérstaklega gerð með tilliti til þess. Aðalverkefnið er að græða upp og auka gróður á víðlendum beitilöndum og með nýjum aðferðum.

#### Um 19. gr.

Hentast þykir, að hinar nýju og miklu aðgerðir sandgræðslunnar verði sem víðast byggðar á samstarfi við þá félagsaðila, sem nú fara mest með mál bænda á þessu sviði, og koma þá einkum til greina sýslufélög, hreppsfélög og fjallskilafélög. Einnig getur til þess komið, að bændur stofni til sérstaks félagsskapar til að efla gróður og græða vangrónar lundur.

#### Um 20. gr.

Þar sem hér er um geysivíðfeðmt verkefni að ræða, verður ekki hjá því komizt að gera rækilega skipulags- og framkvæmdaáætlun, er nái yfir nokkurt árabil.

Hér er gert ráð fyrir 10 ára áætlun, þar sem ekki er hægt að búast við, að fullnægjandi reynsla fái á skemmri tíma.

#### Um 21. gr.

Þar sem sjáanlegt er, að bændur stefna að mikilli fjölgun búfjár, er sýnilega mundi ofbjóða beitarþoli landsins víða, þá er knýjandi þörf á að auka stærð og gæði beitarlandsins sem mest má verða, en til þess þarf mikið fjármagn. Verður að afla þess að nýjum leiðum, þar eð fé það, sem veitt er á fjárlögum árlega til hinnar fyrri starfsemi Sandgræðslu Íslands, að hefta sandfok og græða sanda, má eigi skerða og er sízt um of til þeirrar starfsemi, sem enn er víða aðkallandi.

#### Um V. kafla.

#### Um 22. og 23. gr.

Sjálfsgagt þykir, að sandgræðslustjóri og sangræðsluverðirnir, aðalstarfsmenn hans, fylgist sem bezt með, hverju fram fer um gróður og beitarþol sem víðast, og séu viðbúinir að grípa til skynsamlegra aðgerða, ef gróðurspjöll og uppblástur vofir yfir.

Það nýmæli er tekið upp, að héraðsráðunautar í búfjárrækt skuli fylgjast með fjölda búfjár á afréttarlöndum svo og vænleika þess og afurðum. Þetta er nauðsynlegt. Sýni sig, að vænleiki og afurðir búpenings á afréttarlöndum fari rýrnandi, jafnvel þótt eigi verði séð, að gróðri hnigni, ætti það að gefa visbendingu um, að þörf sé frekari athugana og aðgerða.

#### Um 24. og 25. gr.

Ef sett eru ákvæði um ítölu búfjár í haga að ráði sandgræðslustjóra, fer um það samkvæmt lögum um ítölu, en rétt þykir, að sandgræðslustjóri hafi þá ásamt hreppstjórum eftirlit með, að ákvæðum sé framfylgt, og fylgist með árangrinum. Æskilegt væri, að lög um ítölu væru endurskoðuð og gerð virkari en þau hafa reynzt til þessa.

#### Um VI. kafla.

Þessi kafli er nýmæli.

Eftir að farið var að vinna að lagningu vega og mannvirkjagerða annarra með jarðýtum og öðrum stórvirkum vélum, ber víða á því, að slíkt veldur gróðurspjöllum, og eigi fer leynt, að oft er óþarflega óhrjálega að unnið. Þó að náttúran lækni sárin víðast hvar, getur svo farið, og þess eru þegar dæmi, að jarðrask véla veldur uppblæstri og frekari skaða, sem veruleg hætta getur stafað af. Er því full nauðsyn að setja ákvæði þau, sem fram eru sett í 26.—28. gr.

Sjálfsgagt þykir, að mannvirkjagerð sú, er veldur gróðurspjöllum, sem hætta getur stafað af, beri kostnað við að bæta spjöllum og girða fyrir frekari landskemmdir.

Er nauðsyn, að sandgræðslan geti gripið í taumana og gert það, sem gera þarf, þegar svo ber undir, og einnig að hlutaðeigandi aðilar hafi samráð við sandgræðsluna um framkvæmdir, þegar fyrirsjáanlegt er, að eigi verður komizt hjá bagalegum gróður-spjöllum, svo að aðgerða er þörf.

#### Um VII. kafla.

Kaflí þessi er einnig nýmæli og fjallar um tilraunir í þágu sandgræðslunnar. Ber mikil nauðsyn til, að gerðar verði viðtækar tilraunir á þessu sviði, verkefnin eru margþætt og til mikils að vinna. Um sambærileg verkefni erlendis er óvída að ræða og fátt um vísindalegar tilraunir, er heimfærðar verði. Í því mikla máli að vernda og bæta gróðurlendi landsins verðum vér að standa á eigin fótum og byggja á innlendum tilraunum.

#### Um 29. gr.

Eðlilegt er, að vísindalegar tilraunir í þágu sandgræðslu og hagabóta séu um yfirráð og aðalstjórn í höndum tilraunaráðs jarðræktar, enda eigi sandgræðslustjóri sæti í ráðinu.

#### Um 30. gr.

Þarf ekki skýringa.

#### Um VIII. kafla.

Verkefnið að bæta og auka gróðurlendi landsins er svo stórt og umfangsmikið, að þess er engin von, að fram gangi, svo að um muni, nema miklu fjármagni sé varið til framkvæmda. Er auðsætt, að þess verður að afla að nýjum leiðum og helzt á þann hátt, að um örugga tekjustofna sé að ræða. Er það meginhugsun frumvarpsins, að hinni nýju og auknu starfsemi sandgræðslunnar sé haldið uppi með fé, sem er aflað á þennan hátt, en að starfsemi sú, sem verið hefur og eigi má niður falla, að hefta sandfok, njóti fastra framlaga úr ríkissjóði, á fjárlögum ár hvert, svo sem verið hefur.

Fleiri leiðir til fjáröflunar hafa komið til greina.

Í frumvarpi því, er nefndin gekk frá 1958, var meðal annars gert ráð fyrir því að leggja gjald á búpening, og vísast um það til greinargerðar á þingskjali nr. 239 1958—59.

Er til umræðu kom, var búnaðarþing andvígt slíku gjaldi, og hið sama kom fram í landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Loks er þess að geta, að núverandi landbúnaðarráðherra hefur tjáð sig mótfallinn þessari leið til fjáröflunar. Að þessu at- huguðu hefur nefndin eigi séð fært að taka þetta nýmæli upp í frumvarp sitt, þótt enn séu nefndarmenn hlynntir þeirri hugsun, að bændur leggi nokkurt fé af mörkum sem gjald af búfé sínu til þess að bæta og auka haglendi landsins, sem er og verður ein meginstoð undir björgulegum búskap á landinu.

En þótt slík fjáröflun sé eigi fest í frumvarpi þessu, er eðlilegt að gera ráð fyrir því, er um framkvæmdir er að ræða samkvæmt III. og IV. kafla frumvarpsins og bændur eiga að leggja fram fé á móti sandgræðslunni, að þess verði aflað með gjaldi á búfé innan þess félagssvæðis, sem að framkvæmdum stendur. Sú leið til fjáröflunar er því opin og eðlileg, hvort sem um sýslufélög, hreppsfélög eða aðrar félagsheildir er að ræða.

#### Um 31. gr.

Eins og nú er háttáð löggjöf um tolla, er nokkur tollur á fódurvörum, sem til landsins eru fluttar. Nema þeir tollar nú um 10% af tollverði vörunnar. Búast má við, að framvegis verði það svo, að fódurvörur verði tollaðar nokkuð, t. d. til samræmis við veiðarfæri og önnur framleiðslutæki. Slíkur tollur á fódurvörum getur verið bændum hagkvæmur og til stuðnings hyggilegri framleiðslu fódurs heima fyrir á búum bænda. Hins vegar verður að teljast réttmætt og vel til fundið, að fé því, sem ríkissjóður innheimtir sem toll af innfluttum fódurvörum, sé varið óskertu til eflingar búskap og framleiðslu. Verður þá eigi annað nær en að bæta

og auka gróðurlönd til beitar. Í greininni er gert ráð fyrir þessu, að tollur af fóðurvörum renni óskertur til Sandgræðslu Íslands.

#### Um 32. gr.

Er frá því var horfið að leggja gjald á búfé til að afla fjár til nýrra átaka í landgræðslu, varð samkomulag um að leggja til, að lagt verði fastagjald á áfengi, svo sem fram kemur í greininni. Er þetta gert í fullu samráði við landbúnaðarráðherra og að áeggjan hans.

Eins og kunnugt er, nýtur nú Skógrækt ríkisins mikilla tekna af sölu vindlinga, og mun í ráði að auka þá tekjulind skógræktinni til framdráttar. Eigi geta tveir aðilar brennt sama brandinum, og liggur þá beinast við, að sandgræðslan njóti nokkurs góðs af sölu áfengis, svo sem gert er ráð fyrir í greininni. Tiltölulega lágt gjald af hverjum lítra áfengis, sem seldur er, nemur þeirri fjárhæð, að það getur orðið mikil stoð starfsemi sandgræðslunnar.

#### Um 33. gr.

Sjálfsgagt þykir, að fé því, er sandgræðslan fær til umráða sem toll af fóðurvörum og gjald af áfengi, verði eingöngu varið til hinnar nýju og auknu starfsemi sandgræðslunnar, sem í eðli og framkvæmd er nýtt landnám og landbætur. Hins vegar verði framvegis, eins og verið hefur, veitt fé á fjárlögum ár hvert til að hefða sandfok og forða landspjöllum. Hinum nýju og auknu tekjum sandgræðslunnar skal varið óskiptum til nýrra og stórra hluta, sem velflestum er nú ljóst orðið að framkvæma verður, ef hægt á að vera að auka framleiðslu búsafurða, svo sem með þarf, vegna vaxandi fjölgunar fólks í landinu.

#### Um IX. kafla.

Þarf eigi skýringar. Þó skal þess getið, að lágmark sektarákvæða er hækkað úr kr. 100.00 í kr. 500.00.

### Fylgiskjal II.

#### Sandsvæði girt og tekin til græðslu.

1. Reykir á Skeiðum. Hið fyrsta foksvæði, sem Sandgræðsla Íslands girti og tók til græðslu, er í landi Reykja á Skeiðum í Árnessýslu. Af uppblæstri þar stafaði þá bráð hætta, er vofði yfir hinni grösugu sveit og jafnvel yfir hluta af Flóanum líka.

Þar var girt 1908—09 9880 m löng girðing um 265 ha. lands. Skjólgarðar voru hlaðnir úr grjóti og melfræi sáð fyrstu árin. Foksvæðið er nú að mestu algróið mel og vinglum, auk þess hafa bændur á Reykjum, en þar er nú fjórhýli, ræktað víðlend tún innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem áður var blásið land, en eigi örfoka.

Í sandgræðslugirðingunni á Reykjum voru á fyrri árum sandgræðslunnar gerðar ýmsar tilraunir og athuganir varðandi sandgræðslu.

2. Þykkvibær. Árið 1909 var lögð girðing milli Hólsár að austan og vestur í Þjórsá, sunnan byggðar í Þykkvabæ og Háfshverfi, girðingin var aukin 1928, alls 2160 ha., lengd 9030 m.

Efri hluti þessarar girðingar er algróinn melgróðri, auk þess sem vinglar og sveifgrös hafa sótt á melgróðurinn. Suðurhlutinn er ber sandur, eins og alls staðar meðfram ströndinni, en melgróðurinn ver hið gróna land, þótt sandur sé þar oft á hreyfingu frá fjörunni.

3. Kaldaðarnes í Árnessýslu. Foksvæði meðfram Ölfusá, girt 1910, 3000 m, 24 ha. Svæðið var að mestu leyti gróið með melgróðri, þegar enski herinn hóf þar flugvallargerð á stríðsárunum og umturnaði öllu, en nú hefur girðingin verið endur-

bætt og sáð í hana melgróðri, auk þess sem bóndinn í Kaldaðarnesi er að rækta þar tún.

4. Eyrarbakki — Óseyrarnes. Foksvæði við sjó, vestan þorpsins á Eyrarbakka, vestur undir Ölfusá, girt 1911, en girðingin stækkuð 1922.

Þar voru grjóttgarðar hlaðnir og fræi sáð og geysimikill sjóvarnargarður byggður að vestan og norðvestan. Nú er svo komið, að s. l. 20 ár hafa Eyrbekkingar ræktað mest af sínum kartöflum innan girðingarinnar, auk þess sem slægjulönd eru þar góð. Vingullinn (túnvingull) hefur komið af sjálfu sér þar, eins og alls staðar í hinum eldri girðingum.

5. Bolungavík. Sandsvæði við sjó norðan og austan við þorpið í Bolungavík. Girt 1914 6925 m, 145.5 ha.

Foksvæðið er nú að fullu gróið, að mestu leyti melgróður. Þar hefur fiskúrgangur verið notaður til áburðar.

6. Kaldárholt, Akbraut. Í Holtahreppi í Árnessýslu. Foksvæði við Þjórsá. Sá hluti svæðisins, sem er í landi Kaldárholtis, girtur 1914, en land Akbrautar, sem er eyðibýli, 1931. Girðingin 6130 m, 293.9 ha.

Melfræi sáð, að litlu leyti við skjólgarða. Landið er nú algróið að mestu.

7. Landsveit. Hin miklu foksvæði í Landsveit í Rangárvallasýslu voru girt í tvennu lagi. Árið 1922 var suðurhlutinn girtur, en norðurhlutinn 1941. Er hér um að ræða mikinn hluta sveitarinnar milli Þjórsár og Ytri-Rangár, þar sem lá við algerðri auðn, áður en hafizt var handa um friðun og sandgræðslu. Lengd girðinga er 67200 m, 8142.2 ha. Þar voru hlaðnir grjóttgarðar í mörg ár og melfræi sáð, auk þess sem hin seinni ár hefur verið sáð sandfaxi og vingulfræi, sem hefur reynzt mjög vel. Landið innan girðinga er í heild mikið gróið, aðeins moldarflesjur, að mestu ógrónar, en túnvingullinn er óðum að breiðast út um þær. Innan girðinga í Landsveit hafa verið góð slægjulönd í fjölda ára.

8. Bolholt í Rangárvallahreppi. Býlið fór að fullu í eyði 1949. Girt 1925, 1475 m, 95 ha., en er nú orðinn hluti af Gunnarsholtssvæðinu innan girðinga þeirra, sem taldar eru undir tölu 10.

Innan Bolholtsgirðingarinnar var sáð melfræi. Þar eru mjög háir melhólar með berum eyðum á milli. Þyrfti að jafna hólunum út og sá í sandfaxi og vingulfræi.

9. Galtalækur í Landsveit. Sérstök girðing lögð 1925 og stækkuð 1934 um sérstakt foksvæði án samhengis við hin miklu foksvæði í Landsveit, töluliður 7.

Landið var afhent eiganda jarðarinnar, eftir að unnið hafði verið þar að græðslu fram um 1940. Árið 1956 tók sandgræðslan landið aftur í sína vörzlu, þar eð fokhætta virtist vofa yfir að nýju vegna lélegar vörzlu og ofbeitar.

Lengd girðingar er 5885 m, landstærð 90 ha.

10. Gunnarsholt. Hið forna býli, Gunnarsholt á Rangárvöllum, fór að fullu í eyði 1925, eftir að hús og tún hafði verið flutt um set tvívegis. Á árunum 1928—29 byggir sandgræðslan aftur upp á jörðinni og hefur þar búskap, en fyrsta sandgræðslugirðingin um land á þessu svæði er lögð 1926. Girðingar voru færðar út og ný svæði tekin til vörzlu 1938 og 1945. Alls lykja nú hinar svonefndu Gunnarsholtsgirðingar um 11378.2 ha. lands og eru að lengd 68100 m. Auk heimalands Gunnarsholtis er hér um að ræða fleiri eyðijarðir og hluta af löndum margra jarða á Rangárvöllum ofanverðum, sem eru í byggð.

Á Gunnarsholtssvæðinu hefur, sem kunnugt er, verið mest unnið að sandgræðslu á landi hér, þar til hin síðari ár, að önnur uppblásturssvæði hafa verið látin sitja fyrir, þar sem sandfok er nú ekki til skaða í Gunnarsholtsgirðingu. Mikið af grjótt- og timburgörðum settir upp og melfræi sáð í belti, þar til hin seinni ár, að ýmsar grastegundir hafa verið notaðar til sáningar ýmist í blöndur eða einar sér, svo sem túnvingull, sandfax o. fl. Hefur sú ræktun gengið afbragðs vel.

Mjög mikið land innan Gunnarsholtgirðinga er nú fullgróið, sérstaklega þar sem friðunarinnar hefur gætt lengst, og tún ræktuð til slægna eru um 260 ha. Hin síðustu ár hefur árlega verið borið á um 350 ha. Hið gróna land utan túns er víst

mest notað til beitar fyrir nautpening (í haust verða settir á um 250 gripir), en auk þess er um 300 fjár beitt á sérstaklega afgirt svæði, sem eru algróin.

11. Keldur á Rangárvöllum. Á Keldum er fyrst af öllum stöðum á Suðurlandi hafin merkileg viðleitni að verjast uppblæstri og sandfoki, áður en Sandgræðsla Íslands hóf starf sitt, en norðan Keldna eru óvarin afar víðlend foksvæði í Hekluhraunum, sums staðar örfoka, sums staðar nokkuð gróin á ný, en þó háð hættu af foki.

Árið 1926 var girt 5180 m girðing um 107.5 ha. af heimahögum og hluti af túni á Keldum. Hefur með því tekizt að verja höfuðból þetta frá fullri eyðingu. Melfræi var sáð, rof og börð jöfnuð. Landið innan girðingar er nú algróið. Mikil hætta vofir enn yfir norðurhluta Keldnaland, aukist þar beit án vörzlu.

12. Hemla o. fl. í Austur-Landeyjum. Foksvæði við Þverá norðan og austan Hemlu, en fleiri jarðir eiga þar land. Girt 1927 12905 m, 1094 ha. Melfræi sáð. Er nú öll algróin að undanskildum ræmum meðfram Þverá.

13. Hnausar í Meðallandi. Foksvæði í landi þeirrar jarðar girt 1927, 3365 m, 113.2 ha. Melfræi sáð, hlaðnir garðar. Er algróin fjölbreyttum gróðri.

14. Kambsskeið í Holtum. Moldarfoksvæði í landi Hvamms og nærliggjandi jarða í Holtum. Girt 1928, 7160 m, 176.7 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð. Er að mestu gróin, nema hvað moldarflesjur eru ógrónar hér og þar.

15. Strönd í Selvogi. Foksvæði umhverfis Strandarkirkju í Selvogi. Ágangur af sjávarsandi og landbrot af brimi. Framkvæmdir hafnar 1928 samkvæmt sérstakri löggjöf (lög nr. 50 7. maí 1928). Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er nú hið bezta slægjuland.

16. Bjarnarstaðir í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1550 m, 13.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu algróið, ágætt slægjuland.

17. Mýri í Bárðardal. Foksvæði við túnið, girt 1928, 1510 m, 15 ha. Melfræi sáð. Algróið og gott slægjuland.

18. Axarfjörður (norðurgirðing). Norðvestan við Skóga í Óxarfjarðarhreppi, sandsvæði við sjó. Girt 1929, 9200 m, 821 ha. Melfræi sáð. Landið gróið að mestu nema næst sjónum.

19. Sauðlauksdalur. Skeljasandfok frá sjó, svo sem kunnugt er og frægt frá tíð séra Björns Halldórssonar. Fyrst girt 1929, 2130 m, 55 ha., til þess að verja tún staðarins. Önnur girðing 1942, 14 km, um 1800 ha. Túnið er varið fyrir sandfoki. Melfræi sáð og hefur þrifizt vel meðfram sjó, en lakar uppi í landinu sökum bleytu. Verður reynt að hækka landið með skjólgörðum úr timbri og melfræi sáð í upp-hækkanirnar.

20. Axarfjörður (syðri girðing). Foksvæði austan og sunnan við Ærlækjarsel í Axarfirði. Girt 1931, 13513 m, 1121 ha. Melfræi sáð. Landið að mestu fullgróið. Þar vex nú mannhæðarhár gulvíðir.

21. Vík í Mýrdal. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið, svo að sandskaflar hlóðust að húsum.

Girt 1933, girðing færð út 1945, alls 2550 m, 16.7 ha.

Sjóvarnargarður byggður, skjólgarðar gerðir og melfræi sáð, þar til fyrir fimm árum, að melurinn var sléttaður og sandfaxi og vingli sáð, og er nú eitt hið bezta tún, sem Víkurbúar rækta og nytja.

22. Kópasker. Foksandur við sjó, sem gekk á þorpið. Girt 1934, 1339 m, 16 ha., Melfræi sáð. Er nú algróið, og rísa nú reisuleg hús innan sandgræðslugirðingarinnar, þar sem sandskaflar voru á hreyfingu áður fyrr.

23. Kirkjubæjarklaustur. Uppblástur við túnið meðfram Skaftá og heimreið á staðinn. Girt 1934, 2855 m, 44.4 ha. Melfræi sáð, þreifst illa. Sandfaxi og vingli sáð hin seinni ár með góðum árangri, og er nú verið að breyta landinu í tún.

24. Þorlákshöfn og Nes. Uppblásturssvæði meðfram sjó og allt norður til Selvogshéiðar frá Ölfusá að austan og að byggð í Selvogi að vestan.

Girt 1935, 21840 m, 7797.8 ha. Melfræi sáð. Melurinn hefur þrifizt heldur illa,



þó bezt upp af Þorlákshöfn. Í girðingunni er enn allmikið sandfok, einkum austur frá Leirunni austan Þorlákshafnar. Nú er verið að koma þar fyrir skjólgörðum úr timbri, síðan verður melfræi sáð. Sandurinn er mjög ófrjór, auk þess sem berar hraunklappir standa upp úr hér og þar, sem gerir sáningu mjög erfiða og nær óframkvæmanlega nema með mjög miklum kostnaði. Athafnalíf í Þorlákshöfn, svo sem fiskverkun, lítt hugsanleg, nema takist að hefta sandfokið.

25. Hvoll í Mýrdal í Dyrhólahreppi. Foksvæði meðfram sjó, sandur gekk á túnin. Girt 1935, 3190 m, 125.7 ha. í sjó fram, en kom ekki að notum.

Árið 1956 var girðingunni breytt og hún stækkuð, girt úr Klifanda að vestan í Dyrhólaey.

26. Arnarnes í Kelduhverfi. Foksvæði við sjó. Girt 1935, 3355 m, 524.4 ha. Melfræi sáð. Er að mestu gróin fjölbreyttum gróðri.

27. Hólabæir, Vestur-Landeyjum. Upphaflega uppblástur frá Þverá. Girt 1938, 7200 m, 348.4 ha. Melfræi sáð. Að mestu leyti gróin. Búið er að taka nær  $\frac{1}{4}$  af landinu úr vörzlu og breyta girðingu í samræmi við það.

28. Hafnahreppur, Gullbringusýslu. Sandsvæði meðfram sjó, á svæðinu frá Kalmanstjörn að Reykjanesvita. Girt 1938, 19950 m, 5963 ha. Sjálfgræðsla með melgróðri, vingli o. fl. grastegundum. Ameríski herinn skemndi girðingu og land. Hefur nú verið endurbætt. Þar þarf ekki að gera annað en að bera á til að fá samfelldan gróður.

29. Önundarstaðir í Austur-Landeyjum. Sandur frá sjó. Girt 1939, 5602 m, 56 ha. Jörðin var þá í byggð, og var túnið varið með því að sá melfræi næst því. Síðar lagðist jörðin í eyði, og var girðingin þá tekin upp, þar eð landið er innan Landeyjagirðingar, sem lögð var 1955 (sjá tölulið 44).

30. Sandgerði í Gullbringusýslu. Foksvæði við sjó, og gekk sandur á þorpið. Girt 1941, 3188 m, 31.3 ha. Sjóvarnargarður hlaðinn, melfræi sáð. Er að mestu gróið, aðallega melgróðri.

31. Dimmuborgir í Mývatnssveit. Foksvæði í hrauni. Girt 1942, 8016 m, 422 ha. Hlaðnir garðar, melfræi sáð þrjú fyrstu árin, eftir að girt var. Melgróðurinn hefur ekki aðeins heft sandfokið, heldur breiðzt út um svæðið af sjálfsdáðum.

32. Ássandur, Kelduhverfi. Foksvæði vestan Jökulsár, þar sem eitt sinn voru hinar frægu Ásengjar. Girt 1942, 16750 m, 6000 ha. Melfræi sáð án skjólgarða, og hefur þrífzt mjög vel, auk þess hefur sandfax reynzt þar sæmilega. Þar er nú ekki lengur neitt sandfok, en viðáttumikil svæði gróðurlítill og gróðurlaus.

33. Suðurhagar í Álftaveri. Uppblástur frá Mýrdalssandi. Girt 1944, 6200 m, 230 ha. Friðun aukin til suðurs 1948, þá girtir um 12 km., um 1200 ha. Hlaðnir grjóttgarðar. Melfræi, sandfaxi og vingulfræi sáð. Landið er nú að mestu gróið, einkum innan eldri girðingarinnar.

34. Leiðvöllur í Meðallandi. Stórbýlið Leiðvöllur eyddist af sandfoki norð-austan úr hrauninu. Jörðin fór að fullu í eyði 1943. Girt 1944—45, 38506 m, 4967 ha.

Landið var hvergi orðið örfoka, en allur gróður eyddur af foki og fokmold og sandur alls staðar á hreyfingu.

Við slík skilyrði þrífst melurinn mjög vel. Heppnaðist því sáning melfræs, sem sáð var 1946—47, ágætlega, og hefur hann síðan breiðzt út sjálfkrafa og náð afar mikilli grósku, svo að vart eru slíks dæmi annars staðar.

Á Leiðvelli væri hægt að reisa að nýju myndarlegt býli eftir tólf til þrettán ára starf.

35. Hólasandur í Suður-Þingeyjarsýslu, norðan Mývatnssveitar. Að mestu land frá jörðum í Laxárdal. Girt sem varnargirðing á vegum sauðfjárveikivarnanna 1943—45. Sandgræðsla Íslands tók við landi og girðingu 1949. Landstærð um 6000 ha., lengd girðingar um 40 km. Þar hefur ekkert verið gert nema girða. Þyrfti að bera á vingulgróðurinn, sem er þar allsráðandi.

36. Berjanes í Vestur-Landeyjum. Uppblástur frá Affallinu. Girt 1948, 4200 m,

700 ha. Er raunverulega stækkun á Hemlugirðingu (sjá tölulíð 12 hér að framan). Sjálfræðsla gengur vel.

37. Lambastaðir í Álftaneshreppi í Mýrasýslu. Foksvæði við sjó. Sandur gekk á tún jarðarinnar. Girt 1949, um 3000 m, um 300 ha. Sáð vingli og stefnt að því að gera töluvert af svæðinu að túni.

38. Meðalland í Vestur-Skaftafellssýslu. Víðáttumikið sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í sveitinni. Girt 1953 úr Kúðafljóti að vestan í Eldvatn að austan, um 40 km, um 6000 ha. Sáð hefur verið túnvingli á mörkum sands og gróðurs og borið á til að stöðva frekari gróðureyðingu, þar sem mest mæðir á. Annars má búast við mikilli sjálfræðslu víða um sandinn (vingull og stór), einkum ef gróðurinn væri styrktur með áburði.

39. Aðaldalsgirðing í Suður-Þingeyjarsýslu. Foksvæði frá sjó milli Laxár að austan og Skjálfafljóts að vestan. Girt 1953, um 14 km, um 1500 ha. Sáð melfræi með allgóðum árangri. Melur, sem var í landinu, hefur breiðzt mikið út.

40. Vatnsbæjagirðing. Foksvæði við sjó norðan Víkingavatns og Lóns í Kelduhverfi. Girt 1953—54, um 11 km, um 1100 ha. Melfræi sáð í mjóar spildur, þvert á fokáttina. Borinn tilbúinn áburður á melgróður, sem er fyrir í landinu, og reynt að fá hann til að breiðast út um sléttan sandinn.

41. Breiðavík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1953—54, um 12 km, um 1200 ha. Sáð melfræi, vingli og sandfaxi. Árangur misjafn, sandurinn víða of blautur fyrir slíkan gróður. Reynt er að hækka sandinn með því að setja upp trégirðingar, sem fýkur að.

42. Kollsvík í Rauðasandshreppi. Skeljasandfok frá sjó. Girt 1954—55, um 6200 m, um 700 ha. Sáð melfræi með góðum árangri.

43. Hólssandur, austan Jökulsár á Fjöllum, sunnan byggðar í Axarfirði. Stórfellt sandfok úr suðri, er stefndi á byggðina. Girt 1954, um 40 km, um 600 ha. Settir upp um 45 km af timburgirðingum, sáð meðfram þeim melfræi og vingli og borið á. Hefur þegar náðst sá árangur, að fullar vonir standa til, að hinni bráðustu hættu sé bægt frá, en þörf mikilla aðgerða hin næstu ár og lengi enn.

44. Landeyjar. Sandsvæði og uppblástur meðfram sjó, sunnan byggðar í Austur- og Vestur-Landeyjum alla leið frá Hólsá að vestan til Markarfljóts að austan. Girt 1955, um 40 km, 11000—12000 ha. Settir hafa verið upp um 35 km af timburgörðum, melfræi sáð meðfram og borið á. Eiga garðarnir að gera hvort tveggja að stöðva fok og hækka landið.

45. Vík í Mýrdal. Foksandur frá Mýrdalssandi austan kaupsins meðfram þjóðvegi, milli hans og Víkurhamra. Girt 1955—56, um 500 m, um 115 ha. Sáð vingli og sandfaxi til túnræktunar með mjög góðum árangri.

46. Bakkabær á Rangárvöllum. Foksvæði við Þverá. Girt 1956, um 9000 m, um 540 ha. Sáð vingli, melfræi og sandfaxi.

47. Skógasandur. Girt 1955, 12 km, 1000 ha. Sáð 1955 í 1000 ha. vingli og vallarfoxgrasi (25 og 75%). Sáð 1956 í aðra 100 ha. sömu tegundum (75 og 25%). Sáð 1957 í 30 ha. túnvingli.

Borið á og gengið frá, svo sem um túnrækt sé að ræða. Landið notað til beitar og slæгна. Svæðið er allt úr landi Skóga, en afsalað í hendur Sandgræðslu Íslands.

Sandgræðslan lagði til allt girðingarefni og grasfræ og lét í té framlag til áburðarkaupa. Bændur í Austur-Eyjafjallahreppi unnu að girðingu og ræktunarstörfum og árangurinn í umsjá sandgræðslunnar.

48. Sólheimasandur. Girt 1956, 3200 m, 60 ha. Sáð 1956 í 18 ha. túnvingli og vallarfoxgrasi (75 og 25%). Sáð 1957 í 3 ha. túnvingli. Landið er eign Sólheimabænda. Um girðingu, fræ og áburð er sama að segja og um Skógasand. Landið er notað til slæгна.

49. Skaftárdalur á Vestur-Síðu. Moldfok. Girt 1955, um 4000 m, um 112 ha. Sandgræðslan lagði til girðingarefni og fræ. Sáð var 1956 í 6 ha. til túnræktar, túnvingli og vallarfoxgrasi til helminga. Framkvæmd í höndum bóndans.

50. Randir í Mývatnssveit. Foksvæði norðaustanvert við Námaskarð, norðan Þjóðveggarins. Girt 1957, 8500 m, 1125 ha.  
Randsáð í 30 ha. melfræi.

Sandgræðslusvæði, sem hafa verið í vörzlum Sandgræðslu Íslands, en voru afhent hlutaðeigandi aðilum fyrir 1940:

1. Miðhús í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.  
Moldaruppblástur, girt 1910, 1550 m, 15 ha.
2. Mjósýndi í Villingaholtshreppi, Árnessýslu.  
Girt 1913, 2700 m, 65 ha.
3. Ytri-Sólheimar í Dyrhólahreppi.  
Moldarrof í hliðarbrekkum. Girt 1913, 2400 m, 38 ha.
4. Stóra-Hof á Rangárvöllum.  
Sandágangur frá Geitasandi, sem hótáði öllu graslendi á Stóra-Hofi, sem í rauninni er aðeins gróðurspilda meðfram Eystri-Rangá. Girt 1926, 3520 m, 71.8 ha.
5. Reynifell á Rangárvöllum.  
Uppblástur suður af Hekluhrauninu, er stefndi á túnið. Girt 1930, 3200 m, 36 ha.

Sandgræðsla, sem styrkur hefur verið veittur til, án þess að Sandgræðsla Íslands annaðist framkvæmdir:

1. Syðri-Fjörður í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu.  
Sandur við sjó. Girt 1944, um 1500 m., um 10 ha.
2. Grænavatn í Mývatnssveit.  
Árið 1945 voru hin svonefnd Sellönd suður af Grænavatni girt og veittur styrkur til þess úr ríkissjóði, er nam verði á öllu girðingarefni, komnu á næstu höfn.  
Lengd girðingar um 11 km, landstærð um 2000 ha.  
Þar var um mikinn uppblástur að ræða, sem tókst að hefta með friðun og sáningu melfræs. Landið er nú verðmætt beitiland.
3. Stjórnarsandur á Síðu.  
Sandsvæði milli Stjórnar og Skaftár. Girt 1950, um 4000 m, um 2000 ha. Sandgræðslan lagði til efni í girðinguna, komið á staðinn.

— — —  
Samkvæmt þessari talningu hefur sandgræðslan náð til:

1. Fimmtíu svæða, sem enn eru í vörzlu Sandgræðslu Íslands, sem eru alls að flatarmáli um 101176.6 ha, og girðingar um þau um 669.6 km.
2. Fimm svæða, sem hafa verið afhent hlutaðeigandi aðilum, eftir að sandgræðslan hafði haft þau til meðferðar.  
Þessi fimm svæði eru alls um 225.8 ha. og lengd girðinga um 13.4 km.
3. Þriggja svæða, sem veittur hefur verið styrkur til að friða. Landstærð um 4010 ha., lengd girðinga um 16.5 km.